

# Hvernig gera stjórnendur áreiðanlegar launaáætlanir á auðveldan máta?

Á samkeppnismarkaði er mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja geti gert áreiðanlegar áætlanir. Applicon Laun uppfyllir allar kröfur fyrirtækja um launaútreikning og upplýsingar um launakostnað, ásamt því að búa yfir sérstakri launaáætlun. Í Applicon Launaáætlun er hægt að búa til áætlanir fyrir allan launakostnað og bera saman rauntölur og áætlun annars vegar og áætlanir tveggja eða fleiri ára hins vegar. Applicon Launaáætlun sækir rauntölur hvers starfsmanns, föst laun og annan breytilegan launakostnað, út frá grunngögnum launa. Applicon Launaáætlun reiknar út launatengd gjöld eins og mótframlag fyrirtækis í lífeyrissjóði og stéttarfélag.

Hægt er að velja mismunandi tímabil svo sem ár, ársfjórðung, mánuð, viku eða dag þegar áætlun er stofnuð. Hvert tímabil er í raun launakeyrsla með öllum launafærslum og launaútreikningi þeirra starfsmanna sem eru á launaskrá fyrir valið tímabil. Einnig er hægt að skrá upplýsingar fram í tímann eða skipta um skipurit til að sjá hvaða áhrif breytingar framundan munu hafa. Yfirvinnu má áætla miðað við fyrra ár eða t.d. síðastliðinn mánuð.

Hægt er að lesa Excel skjöl inn í launaáætlun, t.d. ef fyrirhugað er að greiða starfsmönnum bónus á nýju ári. Þegar launaáætlunin er fullmótuð er hægt að skoða hana í öllum afstemmingarlistum og skilgreinum sem fylgja Applicon Launum. Hægt er að stofna dálkaáætlun og með því að færa dálkalista yfir í töflureikni má útbúa pivot-töflur til frekari vinnslu.

Mögulegt er að búa til launatöflur sem aðeins eru virkar í Applicon Launaáætlun sem auðveldar útreikninga þegar von er á almennum launahækkunum. Einnig er hægt að afrita launaáætlun ef skoða skal áhrif hækkunar á launataxta eða við skipulagsbreytingu. Hækka má áætlunina ef þarf og bera saman til dæmis við aðra áætlun eða rauntölur.

Applicon Launaáætlun veitir stjórnendum í nútímafyrirtækjum góða yfirsýn yfir allan launakostnað og gerir þeim kleift að gera áreiðanlegar áætlanir fram í tímann byggðar á raunhæfum gögnum.

## Helstu kostir:

- Auðvelt og fljótlegt að útbúa launaáætlun.
- Tryggir góða yfirsýn yfir launakostnað.
- Auðveldar samanburð á áætlun launakostnaðar og rauntölum.
- Byggir á raungögnum.
- Hraðvirk úrlausn áætlunar sparar tíma.
- Mögulegt að skrá upplýsingar fram í tímann.
- Upplýsingar brotnar niður á kennitölur starfsmanna ef vill.
- Hægt að miða áætlun við fyrra ár eða lesa inn nýjar upplýsingar, s.s. bónusgreiðslur.
- Dálkaáætlanir sérstaklega ætlaðar deildarstjórum að vinna við.
- Mismunur sýnilegur jafnt sem prósentur eða krónutölur.
- Allar upplýsingar úr áætlunarlausninni aðgengilegar og auðvelt að vinna úr þeim, s.s. pivot-töflur o.fl.



Applicon er hugbúnaðar- og ráðgjafar-fyrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. Applicon starfar í fjórum löndum; Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Starfsmenn Applicon félaganna eru rúmlega 200. Hjá Applicon á Íslandi starfa yfir 80 manns með mikla reynslu af margvíslegum verkefnum. Applicon er fyrirtæki ársins 2007 samkvæmt könnun VR.

Lausnir Applicon eru sérsniðnar að þörfum fyrirtækja á íslenskum markaði. Þróun þeirra byggir á yfir 10 ára reynslu af samstarfi með viðskiptavinum fyrirtækisins sem margir hverjir eru meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Lausnir Applicon eru áreiðanlegar og tryggja notendum ávinning í daglegu vinnuumhverfi. Starfsmenn Applicon eru með víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem tryggir viðskiptavinum Applicon góða og örugga þjónustu.